

Leiðbeiningar stýrihóps

Lengd vakta vegna betri vinnutíma í vaktavinnu

Í flestum kjarasamningum, sem samkomulag um betri vinnutíma í vaktavinnu á við, eru ákvæði um að lengd vakta skuli vera á bilinu 4-10 tímar. Sem dæmi má taka kjarasamning Sameykis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2.6.4 Að jafnaði skulu vaktir vera á bilinu 4 - 10 klst. Heimilt er, sbr. gr. 2.1.2, að semja um aðra tímalengd vakta.

Við gerð fylgiskjals 2 voru leiðarljósinn öryggi, heilsa og jafnvægi vinnu og einkalífs í forgrunni og við innleiðingu betri vinnutíma í vaktavinnu hafa þessi leiðarljós mikið vægi við allar ákvarðanir.

Leiðarljósinn byggjast á vísindalegum rannsóknum til margra ára.

Leiðbeiningar um lengd vakta sem stýrihópur vill leggja áherslu á eru:

- Auk leiðarljósanna um öryggi, heilsu og jafnvægi vinnu og einkalífs þarf við skipulag vaktakerfa að hafa í huga rétta [forgangsröðun hagsmuna](#). Starfsemin ræður för, þar á eftir starfsmannahópurinn og jafnræði innan hans og því næst einstaka starfsmenn og óskir þeirra.
- Mikilvægt er að hafa í huga [meginreglur hvíldartímalöggjafar](#) um 11 tíma hvíld á sólarhring, vikulegan frídag og 48 klst. hámarksvinnuskyldu á viku.
- Æskilegt er að vaktir séu skipulagðar réttisælis eftir sólarhringnum og líkamsklukkunni, þannig að fyrst komi morgunvakt, svo kvöldvakt, svo næturvakt og svo hvíld. Ekki er mælt með að teknar séu fleiri en 2-3 tegundir af vöktum af hverri tegund (morgun-, kvöld-, næturvakt) áður en hvíld er tekin eða skipt um tegund.
- Almennar ráðleggingar stýrihóps betri vinnutíma í vaktavinnu eru að lengd vakta sé á bilinu 6-9 klukkustundir.
- Í þeim tilfellum þar sem það hentar starfsemi og einstaka starfsmönnum að hafa styttri vaktir en 6 klst. er hægt að hafa vaktir styttri, þó ekki styttri en 4 klst. Æskilegt er að taka þetta til umfjöllunar í umbótasamtali.
- Sérstaklega er mælt gegn því að láta starfsfólk mæta oftari en einu sinni til vinnu á sama degi, t.d. frá 8-12 og svo 16-20.
- Eins er mælt er til þess að dregið verði úr 12 tíma vöktum og helst að horfið verði frá þeim enda eru þær utan ramma kjarasamninga og ganga gegn markmiðum betri vinnutíma í vaktavinnu um öryggi og heilsu. Þá leiða þær oft til brota á hvíldartímareglum, svo sem um 48 stunda hámark vinnutíma á viku.
 - Þar sem mikil vaktabyrði er um helgar kann að vera betra fyrir starfsemi, starfsmannahóp og einstaka starfsmenn að vaktir um helgar séu allt að 12,5 klst. (byggir þá á undanþágu). Þetta er meðal þess sem má skoða í umbótasamtali og mikilvægt er að hafa samráð við starfsfólk.

Bent er sérstaklega á [fræðslumyndband](#) um hvernig best er að haga skipulagi og lengd vakta sem og annað fræðsluefni á vef verkefnisins www.betrivinnutimi.is.

Fyrir hönd stýrihóps

Verkefnastjórn betri vinnutíma í vaktavinnu